



Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslureikninga, 166. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar að nýju en það dagaði uppi á vörþingi 2022. SFF fagna frumvarpinu þar sem mikilvægt er að innlendir fjármálamarkaður starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð sem er sem líkust því sem gerist í Evrópu. Það gerir íslensk fjármálafyrirtæki samkeppnisfærari, getur opnað fyrir aðgang þeirra að stærri mörkuðum í nágrannalöndunum og einnig greitt fyrir aðgengi erlendra þátttakenda á íslenskum markaði. Hér á eftir eru gerðar athugasemdir við frumvarpið og lagðar til breytingar sem eru sérstaklega undirstrikaðar.

Gildistaka frumvarpsins

Í 29. gr. frumvarpsins er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 2023. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins ber Seðlabanka Íslands að birta reglur með hugtakalista yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningi. Greiðsluþjónustuveitendum (bönkum og sparisjóðum) ber síðan að útfæra og birta gjaldskrá sem skal vera í samræmi við framangreindan hugtakalista. Gera má ráð fyrir að reglur Seðlabankans með hugtakalistanum verði í fyrsta lagi birtar skömmu eftir að lögin taka gildi. En þá þurfa greiðsluþjónustuveitendur ráðrúm til þess að útfæra gjaldskrár greiðslureikninga, en það kallar á töluverða tæknilega vinnu. Sökum óvissu um birtingu reglna Seðlabankans um gjaldskrár og hugtakalista yfir algengustu tegundir þjónustu, verður að teljast sanngjarnt að greiðsluþjónustuveitendur fái hæfilegt svigrúm frá birtingu reglna Seðlabanka Íslands til þess að innleiða lögin og reglurnar. SFF leggja því til að gildistöku laganna verði frestað til 1. mars 2023 n.k. svo tryggt sé að nægur tími gefist til undirbúnings.

Skilríkjavandi flóttamanna og óstaðsettra í hús

Samkvæmt 13. og 14. gr. frumvarpsins verður lánastofnunum óheimilt að mismuna neytendum með lögmæta búsetu á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli nokkurrar ástæðu svo sem ríkisfangs, þjóðernis o.fl. Lánastofnun verður skylt að bjóða neytanda almenna greiðslureikninga. Þannig hefur neytandi sem hefur lögmæta búsetu á Evrópska efnahagssvæðinu rétt á að stofna og nota almennan greiðslureikning hjá

lánastofnun hér á landi. Framangreint á einnig við um þá sem ekki hafa fasta búsetu, hælisleitendur og þá sem ekki hefur verið veitt dvalarleyfi en brottvísun er ekki möguleg af lagalegum eða öðrum ástæðum. Með öðrum orðum verður bönkum og sparisjóðum skylt að opna greiðslureikning fyrir þessa aðila ef þeir óska eftir því. Til þess að það sé mögulegt þarf viðkomandi viðskiptavinur að geta sannað á sér deili samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018 (ppvl.).

Um þessar mundir hefur fjöldi flóttamanna á Íslandi aukist til muna. Vandí er til staðar við að sanna deili á flóttamönnum sem ekki hafa í fórum sínum fullgild skilríki eins og vegabréf við stofnun greiðslureiknings þar sem nú vantar ákvæði inn í ppvl. sem heimilar bönkum og sparisjóðum að stofna reikninga fyrir flóttamenn sem eru ekki með fullnægjandi skilríki í fórum sínum. Þegar einstaklingur í þessari stöðu fær dvalarleyfisskírteini útgefið af Útlendingastofnun þá inniheldur skírteinið áletrun sem segir að ekki sé unnt að staðfesta að viðkomandi sé sá sem hann segist vera. Nánar tiltekið eftirfarandi: „*Skráningarskírteini þetta gildir ekki sem staðfesting þess að uppgefnar persónuupplýsingar séu réttar. Skírteinið gildir ekki sem ferðaskilríki*”. Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að líta á skírteini sem þetta sem viðurkennt persónuskilríki. SFF leggja ríka áherslu á að samhliða lögfestingu frumvarps um greiðslureikninga verði lögfest breyting á 18. tölul. 3. gr. ppvl. sem tryggir að flóttamenn sem eru án viðurkenndra persónuskilríkja hér á landi geti fengið greiðslureikning eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Rétt er að taka fram að nú eru í samráðsgátt stjórnvalda drög að breytingu á reglugerð nr. 100/2020 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Með drögunum er lagt til að dvalarleyfiskort teljist öll til gilda persónuskilríkja vegna útgáfu rafrænna skilríkja. SFF hafa skilað umsögn um málið í samráðsgátt þar sem bent er á að með breytingunni yrði til misræmi við skilgreiningu á hvað telst viðurkennt persónuskilríki skv. ppvl.

Að mati SFF eru dvalarleyfisskírteini ekki viðurkennt persónuskilríki í skilningi ppvl., ef ekki er mælt fyrir um það í lögum, heldur fer það eftir atvikum hverju sinni. Rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði teljast hins vegar viðurkennd persónuskilríki skv. ppvl. Verði tillögð breyting gerð á reglugerð nr. 100/2020 verður upptalning á viðurkenndum persónuskilríkum í ppvl. og í umræddri reglugerð ekki sú sama. Breytingin myndi því leiða til þess að traustþjónustuveitandi geti tekið allar tegundir dvalareyfisskírteina sem viðurkennt persónuskilríki og gefið út fullgilt rafrænt skilríki til notkunar gagnvart tilkynningaskyldum aðilum.

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna að í 14. gr. frumvarpsins er vísað til aðila með

lögmæta búsetu. Það virðist í fljótu bragði ekki sérstaklega gert ráð fyrir því í frumvarpinu hvernig sýna eigi fram á lögmæta búsetu. Nokkur vandi skapast í framkvæmd vegna aðila sem eru óstaðsettir í hús. Því er rétt að velta því upp hér hvort eðlilegt væri að lögin mæli fyrir um skyldu viðkomandi til að sýna fram á að hann sé sannarlega með lögmæta búsetu á svæðinu t.d. með því að framvísa kvittun um greiðslu á leigu, rafmagnsreikningi eða einhverju slíku?

Uppsögn rammamanna

Í umsögn SFF um frumvarpið síðastliðið vor lögðu samtökin til að bætt yrði við nýjum tölulíð við 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins sem myndi heimila lánastofnunum að segja rammamanni um almennan greiðslureikning upp einhliða ef „neytandi misnotar réttinn til aðgangs að almennum greiðslureikningi og brýtur gegn skilmálum rammamanns eða skilmálum viðskipta sem vísa til rammamanns.“ Af gögnum málsins má ráða að sú tillaga hafi verið talin of vítt orðuð.

Eftir stendur að SFF telja að heimildir ákvæðisins til þess að rifta rammamanni ekki nægjanlegar í frumvarpinu, annars vegar með tilliti til varna gegn peningabætti og hins vegar með tilliti til misnotkunar neytanda. Tilskipunin setur ríkjum þröngan ramma til að auka við uppsagnarheimildir lánastofnana í landsrétti, sbr. 3. tölul. 19. gr. tilskipunarinnar sem segir: „*Aðildarríki geta tilgreint afmörkuð og sértæk viðbótartilvik þar sem lánastofnun getur einhliða sagt upp rammamanni um almennan greiðslureikning. Slík tilvik skulu byggjast á ákvæðum landslaga sem eiga við á þeirra yferráðasvæði og skulu miða að því að afstýra misnotkun neytenda á réttinum til aðgangs að almennum greiðslureikningi.*“ Nánar er fjallað um misnotkun neytenda í 47. tölul. aðfararorða tilskipunarinnar sem eru svohljóðandi á ensku: „*However, there could be cases where a consumer abuses his right to open and use a payment account with basic features. For example, a Member State should be able to permit credit institutions to take measures against consumers who have committed a crime, such as a serious fraud against a credit institution, with a view to avoiding a recurrence of such a crime.*“

Í lagaákvæði og aðfararorðum tilskipunarinnar um þetta atriði, segir ekki hvort dómur eða önnur sönnun, þurfi til staðfestingar á glæp eða svikum.

SFF leggja því til að heimild til uppsagnar almenns greiðslureiknings, verði orðuð með eftirfarandi hætti í nýjum 6. tölul. 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins svohljóðandi:

6. tölul.: Lánastofnun telur að háttsemi neytanda gagnvart lánastofnun eða starfsfólki lánastofnunar brjóti gegn ákvæðum almennra hegningarlaga nr.19/1940. Ekki er gerð krafa um að háttsemin sé tilkynnt til lögreglu og markmið uppsagnar eingöngu að koma í veg fyrir endurtekningu refsiverðrar háttsemi.

Rökin fyrir breytingatillögunni eru þau að í fáeinum tilvikum eiga þau hörmulegu atvik sér

stað að við afgreiðslu hóta viðskiptavinir starfsfólki fjármálafyrirtækja alvarlegri refsiverðri háttsemi skv. 233. gr. almennra hegningarlaga. Framangreind aukaleg undanþága ætti að rúmast innan þeirrar heimildar sem landsrétti er falin.

SFF leggja einnig til að heimild til uppsagnar almenns greiðslureiknings vegna varna gegn peningþvætti, verði orðuð með eftirfarandi hætti í nýjum 7. tölul. 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins svohljóðandi:

7. tölul.: „Lánastofnun telur áframhaldandi notkun á greiðslureikningi brjóta gegn ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.“

Með vinsemd og virðingu,



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur